

Drög 2- 12.10.12

11.10.12

Minnisblað vegna fundar fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar með fjárlaganefnd

þann 15. október 2012

Fjárhagsaðstoð og

breyting á bótatíma atvinnuleysisbóta

Þróun fjárhagsaðstoðar í Hafnarfirði hefur verið með þeim hætti undanfarin ár sem að neðan greinir. Ef gert er ráð fyrir að 60% þeirra einstaklinga sem missa rétt til atvinnuleysisbóta um nk. áramót njóti fjárhagsaðstoðar má ætla að útgjöld sveitarfélagsins á árinu 2013 verði um 590 mkr. í stað um 295 mkr. á yfirstandandi ári.

| Ár | Fjárhæð | Fjöldi |
|------|-------------|--------|
| 2009 | 183.608.099 | 428 |
| 2010 | 244.712.671 | 547 |
| 2011 | 255.067.928 | 600 |
| 2012 | 295.400.000 | 605 |
| 2013 | 590.000.000 | (792) |

2009-2011 eru rauntölur.

2012 er miðað við áætlun ársins.

2013 Inni í fjárhæðinni eru kr. **281.000.00 vegna skerðingar á bótatíma** atvinnuleysisbóta. Þar er miðað við að 88 einstaklingar eigi rétt á fjárhagsaðstoð í ársbyrjun en síðan bætist við 9 á mánuði.

Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar sem kemur til framkvæmda um áramót er reiknuð 5%.

Húsaleigubætur

Nauðsynlegt er halda áfram endurskoðun á fyrirkomulagi húsaleigubóta og hrinda í framkvæmd grunnhugmyndum um heildstætt húsnaðiskerfi þar sem húsaleigubótakerfið verði hluti af heildarúrræðum.

Í Hafnarfirði hefur þróun þessara útgjalda bæjarsjóðs verið með neðangreindum hætti:

| Ár | Almennar | Sérstakar | Samtals | Hluttur ríkissjóðs | Hluttur Hafnarfj |
|------|-------------|------------|-------------|--------------------|------------------|
| 2009 | 201.290.162 | 67.187.616 | 268.477.778 | 166.329.912 | 102.147.866 |
| 2010 | 274.930.441 | 62.256.657 | 337.187.098 | 186.940.142 | 150.246.956 |
| 2011 | 304.052.846 | 81.713.086 | 385.765.932 | 213.437.838 | 172.328.094 |
| 2012 | 210.631.859 | 62.781.004 | 273.412.863 | 134.452.490 | 138.960.373 |
| 2013 | 318.000.000 | 95.486.000 | 413.486.000 | 221.061.600 | 192.424.400 |

2009-2011 eru rauntölur.

2012 er miðað við stöðuna í lok september.

2013 er áætlun og er þar tekið tillit til aukningar í sérstökum húsaleigubótum.

Dagvist aldraðra

Um þessar mundir eru um 90 einstaklingar á biðlista eftir að komast í dagvistunarúrræði á Hrafnistu í Hafnarfirði. Biðtími eftir þessari þjónustu er um eitt ár og stendur hún almennt ekki til boða nema hluta úr viku.

Á Hrafnistu í Hafnarfirði er um 30 plássum deilt á 70 þjónustunotendur.

Hér er þess eindregið farið á leit að hafin verði undirbúningur að stofnun og rekstri dagvistunar fyrir aldraða í Hafnarfirði og að því stefnt að rekstur geti hafist síðla árs 2013 eða í upphafi árs 2014.

Sólvangur

Þrátt fyrir að tafir hafi orðið á því að nýtt hjúkrunarheimili rísi á Völlum í Hafnarfirði er ljóst að núverandi starfsemi á Sólvangi mun ljúka innan skamms. Rekstur Sólvangs hefur verið erfiður og orsakir þess án efa margvíslegar.

Mikilvægt er að tryggja núverandi rekstur og þá þjónustu sem nú er veitt þar. Frekari niðurskurður getur aðeins leitt til skertrar þjónustu.

Nauðsynlegt er ennfremur að leiða til lykta viðræður bæjarins og ríkisins um framtíð Sólvangs.

St. Jósefsspítali

Lögð er rík áhersla á að lokið verði athugun á því hvað verði um St. Jósefsspítala sem nú stendur auður. Það er sameiginlegt verkefni ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar að finna þessu sögufræga húsi verðugt hlutverk.

Fjármálareglur sveitarfélaga

Í nýju sveitarstjórnarlögunum og í reglugerð eru sett fram viðmið varðandi fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga sem nær ómögulegt er að ná. Annars vegar er viðmið um að rekstrarafgangur verði á samstæðu yfir hvert þriggja ára tímabil og hins vegar viðmið um 150% skuldahlutfall. Mörg sveitarfélög, a.m.k. þau sem eru skuldsett, munu eiga erfitt með að uppfylla þetta skilyrði (jafnvel þótt þau uppfylli 150% skuldaviðmið) ef verðbólga verður umfram 2-3% á ári eða ef gengi krónunnar lækkar um nokkur prósentustig yfir árið. Verðbólga og gengissig haldast gjarnan í hendur. Þannig getur grunnrekstur sveitarfélags verið í nokkuð góðum farvegi en reiknaðir fjármagnsliðir snúa dæminu við.

Þess vegna væri æskilegt að endurskoða þessa reglu og miða við eftirfarandi:

- a. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum að frádregnum reiknuðum (ógjaldföllnum) fjármagnsliðum og lífeyrisskuldbindingu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- b. Skuldahlutfallið 150% er ekki í sjálfu sér næg trygging fyrir því að sveitarfélag ráði við skuldir sínar. Hugsanlega væri skynsamlegra að gera kröfu um veltufé frá rekstri eða EBITDU í hlutfalli af fjárskuldbindingum fremur en að setja skilyrði um ákveðið skuldahlutfall.

Útreikningur á skuldahlutfalli samkvæmt reglugerðinni er með öllu óskiljanlegur en þar eru ákveðnar skuldir og skuldbindingar dregnar frá heildarskuldum. Má þar helst nefna skuldir vegna fasteigna tengdar langtímaskuldbindingum ríkissjóðs, lífeyrisskuldbindingar og skuldir sumra

veitufyrirtækja. Þessar skuldir þarf að greiða eins og aðrar skuldir og því er skynsamlegra að stilla fram kröfu um veltufé frá rekstri.

Skilgreiningum á hugtökum í reglugerðinni er ábótavant og í einhverjum tilfellum eru þær rangar.

Fjársýsla ríkisins


Stærsti tekjupóstur sveitarfélaga er að öllu jöfnu útsvarið en sveitarfélögin fá mjög takmarkaðar upplýsingar og gögn frá Fjársýslu ríkisins varðandi það. Þar má helst nefna;

- Greinargóða skýringu/gögn um staðgreiðsluskil hvers mánaðar. Staðgreiðslan sveiflast mikið á milli mánuða eða um 10-30%. Það er mjög óeðlilegt þegar heildarstaðgreiðsluskil fyrir landið breytast lítið milli mánuða.
- Frekari gögn um álagningu útsvars. Innheimta á eftir á álögðu útsvari er ekki góð en að fenginni reynslu undanfarinna ára má reikna með að aðeins um 20% innheimtist, 20% er breytt vegna kærumeðferðar og 50% afskrifast. Rétt er að benda á í þessu sambandi að upplýsingar um álagningu sem byggð er á áætlun skattfyrvalda liggja ekki fyrir þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.
- Nauðsynlegt er að fá staðfestingu frá Ríkisendurskoðanda um að árlegt útsvarsuppgjör sé rétt til að tryggja áreiðanleika stærstu tekna sveitarfélaga. Þrátt fyrir beiðnir þar um hefur slík staðfesting ekki litið dagsins ljós.

Málaflokkur fólks með fötlun

Nauðsynlegt er að fá greinarbetri gögn, tímanlegri gögn og frekari sundurliðanir á framlagi Jöfnunarsjóðs til þessa málaflokks. Erfitt er að skipuleggja og gera framtíðaráætlanir í málaflokknum þegar grunnupplýsingar um fjármögnun eru óklárar og óljósar. Þá hefur rekstrarumhverfi málaflokks verið breytt með auknum kröfum án þess að fjármagn fylgi með.

Vegamál



Gatnaverkefni í Hafnarfirði á næstu árum

Vegagerðin hefur nánast lokið verkhönnun á tvöföldun **Reykjanesbrautar frá Kaldárselsvegi og út að Krýsuvíkurvegi** ásamt undirgöngum við Hvaleyrarhraun, göngubrú við Ásland I og mislægum vegamótum við Krýsuvíkurveg/Suðurbraut/Reykjanesbraut.

Í dag er mjög óljóst með framkvæmd þessa verks en ekki hefur verið gengið frá fjárveitingu til þess.

Hafnarfjarðarbær vill ítreka mikilvægi þess að gengið verði frá betri tengingu Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg sem og að gerð verði undirgöng milli Valla og Hvaleyrarhrauns. Nú þegar er hafin vinna við undirbúning á útboði á undirgöngunum milli Valla og Hvaleyrarhrauns.

Önnur verkefni í Hafnarfirði sem eru aðkallandi:

1. Strandgata milli Lækjargötu og Fornubúðar – endurgerð götu og ný húsagata, komið er vilyrði frá Vegagerðinni um kostnaðarpátttöku í þessu verkefni
2. Fjarðarhraun frá Flatahrauni að Engidal – endurgerð götu, breytingar á tengingum
3. Krýsuvíkurvegur - gerð hringtorgs við Hellnahraun II og Velli
4. Kaldárselsvegur milli Ofanbyggðarvegur og Reykjanesbrautar – endurgerð vegar
5. Ofanbyggðarvegur milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegar – nýr vegur

Önnur verkefni síðar:

- Reykjavíkurvegur milli Arnahrauns og Engidals – endurgerð vegar, göngubrú, umferðaröryggi
- Standgata – göngubrú við Hvamma
- Reykjanesbraut milli Álftanesvegur og Lækjargötu – framtíðarlega, mislæg vegamót og vegstokkur
- Reykjanesbraut milli Krýsuvíkurvegar og Straumsvíkur – færsla vegar suður fyrir lóð álversins og mislæg vegamót
- Ofanbyggðarvegur milli Krýsuvíkurvegar og Kapelluhrauns – nýr vegur
- Ofanbyggðarvegur milli Kapelluhrauns og Reykjanesbrautar – nýr vegur

Hafnarfjarðarbær vill ítreka mikilvægi þess að Ofanbyggðarvegur í Hafnarfirði fari inn á vegaskrá þar sem ljóst er að vegurinn gegnir mikilvægu hlutverki í veltengingum á höfuðborgarsvæðinu. Reykjanesbraut mun ekki anna allri umferð sem skapast hér á suðursvæðunum í framtíðinni. Jafnframt er bent á að síðustu mánuði virðist sem umferð á Reykjanesbrautinni, sérstaklega við Setberg, hafi aukist til muna. Þar er farið að bera á vandræðum við að komast út úr Setbergi og af Lækjargötu inn í hringtorgið við Lækjargötu.

Einnig vill bærinn benda á það umferðarástand sem er á Reykjanesbraut/Hafnarfjarðarvegi sem skapast vegna slægs umferðarflæðis um Garðabæ. Miklar raðir myndast á morgnana á þessari leið, þegar mikill umfrðarpungi er í átt að Reykjavík. Nauðsynlegt er að fara að huga að betri umferðarlausnum á þessu svæði.

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði